

# Reikningsskilaráð ríkisins

36. Fundur – 4. september 2019 kl. 09:00

## Fundargerð

### Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Ólafur Hjálmarsson.
- Björn Þór Hermannsson boðaði forföll og Jón Viðar Pálmason sat fundinn í hans stað.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 35. fundar samþykkt.

### 2. Ríkisreikningur.

Farið var yfir að hve miklu leyti staðlar hafa verið uppfylltir og hvað bíður lokaárs innleiðingar. Hafin er vinna innan Fjársýslunnar við að rýna staðlana með það að markmiði að greina veikleika og marka stefnu um hvernig eigi að bregðast við þeim. Jafnframt kom fram að stefnt væri að 9 mánaða uppgjöri í ár hjá ýmsum A-hluta aðilum sem voru seinir fyrir við uppgjör ársins 2018. Það ætti að einfalda og flýta uppgjöri hjá þessum aðilum við ársuppgjör fyrir árið 2019.

### 3. Innleiðingaráætlun

Ríkisreikningur 2019 þarf að vera í fullu samræmi við IPSAS nema að reikningsskilaráð heimili tímabundna frestun á innleiðingu ákveðinna staðla.

### 4. Tekjuhópur, staðan.

Á næsta fundi mun tekjuhópur koma og kynna lokaniðurstöður.

### 5. Önnur mál.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.

Næsti fundur miðvikudaginn 25. september kl. 09:00.